



Undanþágur verkfallsheimilda

Árlega þurfa sveitarfélög, að höfðu samráði við viðkomandi stéttarfélög, að endurnýja lista yfir þá starfsmenn sem ekki hafa verkfallsheimild með tilvísun til laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna og 2. gr. laga nr. 129/2020 um skrá yfir störf hjá sveitarfélögum sem heimild til verkfalls nær ekki til. Stéttarfélögum voru send erindi á tímabilinu frá 1. nóvember til 11. desember 2023 vegna þessa.

Þroskapjálfafélag Íslands hafnaði beiðni um undanþágu fyrir störf þroskapjálfa hjá Hvestu og í stuðningsþjónustu (stm. í tímavinnu) þrátt fyrir rökstuðning.

Verkalýðsfélag Vestfirðinga óskaði frekari upplýsinga um hversu mörg stöðugildi þyrfti til að halda uppi nauðsynlegustu öryggiskröfum og heilbrigðisþjónustu. Eftir frekari upplýsingagjöf og rökstuðning var samþykki veitt fyrir tilgreindum undanþágum.

Önnur stéttarfélög gerðu ekki athugasemdir og samþykktu undanþágubeiðnir.

Hér fyrir neðan eru drög að auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda varðandi þetta mál. Óskað er eftir staðfestingu bæjarráðs á auglýsingunni.

AUGLÝSING

um skrár (lista) Ísafjarðarbæjar skv. 5.-8. mgr. 19.gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamning opinberra starfsmanna og lög nr. 129/2020 um skrá yfir störf hjá sveitarfélögum sem heimild til verkfalls nær ekki til.

Lagt fyrir bæjarráð 18. desember 2023 til samþykktar að viðhöfðu samráði við öll hlutaðeigandi stéttarfélög starfsmanna.

I. Listi yfir þau störf sem falla undir 6.-8. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Bæjarstjóri	1 staða
Bæjarritari/sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs	1 staða
Sviðsstjóri velferðarsviðs	1 staða
Sviðsstjóri skóla- og tómstundasviðs	1 staða
Sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs	1 staða
Fjármálastjóri	1 staða
Deildarstjóri í málefnum fatlaðra	1 staða

Deildarstjóri launadeildar	1 staða
Launafulltrúi	1,5 staða
Forstöðumaður íþróttamannvirkja á Flateyri, Ísafirði og Suðureyri	1 staða
Forstöðumaður íþróttamannvirkja á Þingeyri	1 staða
Forstöðumaður skíðasvæða	1 staða
Forstöðumaður þjónustumiðstöðvar	1 staða
Forstöðumaður Hvestu og skammtímavistunar	1 staða
Skólastjórar grunnskóla	4 stöður
Aðstoðarskólastjóri	1 staða
Leikskólastjórar	5 stöður
Aðstoðarleikskólastjóri	1 staða
Hafnarstjóri	1 staða
Slökkviliðsstjóri	1 staða
Aðstoðarslökkviliðsstjóri	1 staða

II. Listi yfir þau störf sem falla undir 5. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Varðstjóri slökkviliðs	1 staða
Slökkviliðs- og sjúkraflutningamaður	1 staða
Forstöðumaður sólarhringsþjónustu að Sindragötu og Fjarðarstræti	1 staða
Forstöðumaður sólarhringsþjónustu að Pollgötu	0,9 staða
Forstöðumaður stuðnings- og stoðþjónustu	1 staða
Starfsmenn Hvestu hæfingarstöðvar og skammtímavistunar	4,1 stöðugildi auk tímavinnu. Miðað er við lágmarksmönnun.
Starfsmenn á dagdeild aldraðra Ísafirði	Öll stöðugildi. Miðað er við lágmarksmönnun.
Starfsmenn stuðningsþjónustu	Öll stöðugildi. Miðað er við lágmarksmönnun.
Starfsmenn sólarhringsþjónustu Pollgötu, Fjarðarstræti og Sindragötu	Öll stöðugildi. Miðað er við lágmarksmönnun á hverju heimili.

Þannig samþykkt á fundi bæjarráðs Ísafjarðarbæjar 18. desember 2023 og á fundi bæjarstjórnar 21. desember 2023.

Staður / dags.

Arna Lára Jónsdóttir, bæjarstjóri